

Sent umhverfisnefnd Alþingis

Reykjavík 28. janúar 2003
2002120013/016-1
SB/hj

Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur móttækið bréf dagsett 10. desember þar sem beðið er um umsögn um ofangreint frumvarp. Í bréfinu er tekið er fram að frumvarpið sé endurflutt nokkuð breytt.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gert athugasemdir við frumvarp þetta, sbr. bréf stofnunarinnar til Umhverfisnefndar dags. 13. mars 2002. Þetta er staðfest í fylgiskjali II með frumvarpinu undir kaflanum “Athugasemdir við frumvarp þetta”, bls 2, “*Mestu athugasemdirnar og þær sem teljast meiri háttar komu frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Samtökum atvinnulífsins. Ákveðið var í umhverfisráðuneytinu að fara vandlega yfir allar áðurnefndar umsagnir með það fyrir augum að taka tillit til athugasemda og ábendinga sem þar komu fram eftir því sem efni stæðu til*”

Við yfirllestur hinnar nýju útgáfu laganna kemur þó í ljós að ekki hefur verið tekið tillit til einnar einustu athugasemdar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þetta á jafnt við um sértækar- og almennar athugasemdir. Meira að segja villu í 5 gr. sem bent var á, þ.e. “...lögum þessum lúta og **eiga** undir starfsemi þeirra.” en á væntanlega að vera “...heyra undir...”, hefur ekki verið breytt.

Náttúrufræðistofnun Íslands vísar því til áðurnefnds bréfs, en endurtekur hér helstu athugasemdir sem eru:

Sértækar athugasemdir:

Titill: breyta heiti til samræmis við innihald: “Lög um verndun hafs og stranda gegn mengun (og mengandi athöfnum)”

1. gr. Breyta markmiðssetningu til samræmis við innihald. Þetta má t.d. gera með því að setja orðið “mengandi” á undan athöfnum, þ.e. “...mengun og mengandi athöfnum...”

3. gr. Óljós munur er á hugtökunum “losun” og “varp” – svo virðist sem sleppa megi seinna hugtakinu. Hugtakið “innsvævi” virðist vera hið sama og landhelgi í daglegu tali og því óþarft. Hugtakið “mengunarlögsaga Íslands” er óljóst og líklega óþarft.

5. gr. Villa í lok málsgreinar þar sem stendur “... **eiga** undir starfsemi...” en á væntanlega að vera “...heyrja undir starfsemi...”.

6. gr: liður m. er ekki fullnægjandi vörn gegn framandi lífverum. Rétt væri að setja í reglugerð frekari ákvæði um varnir gegn framandi lífverum og hvernig skuli standa að eyðingu þeirra.

6. gr. Vísað er til almennra athugasemda hér fyrir neðan. Ef lögín eru hugsuð sem regnhlífarlög fyrir vernd hafsins, ásamt með t.d. náttúruverndarlögum, en ekki aðeins mengunarvarnalög þarf að setja tilmæli í 6.gr. um reglugerðarákvæði um aðgerðir til að takmarka og bæta fyrir athafnir, aðrar en mengun, sem stefna lífríki hafsins í hættu (t.d. dýpkunarframkvæmdir, efnisnám, fyllingar, umferð, hafnargerð og botnveiðar.

7. gr. Í greininni er ekki tekið á ábyrgð vegna beinna skemmda á náttúru eða náttúruminum. Eru náttúruverndarlögin nægileg í því tilliti?

8. gr.: Er það vilji löggjafans að bann við losun eigi aðeins við um svæði sem afmarkast af 3 mílum frá landhelginni eins og skilja má af 8. grein - ekki alla efnahagslögsöguna?.

Almennar athugasemdir:

1. Ekki er samræmi milli heitis frumvarpsins og markmiðssetningar annars vegar og innihalds hinsvegar. Í markmiðssetningu er talað um að vernda hafið gegn ...athöfnum sem ...geta...skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki, spillt umhverfinu...”. Frumvarpið fjallar hinsvegar eingöngu um mengun og varnir gegn henni en tekur ekki á almennum varúðar og lífríkisverndarsjónarmiðum vegna “athafna” eins og dýpkunarframkvæmda, efnisnáms, fyllinga, umferðar (t.d. með ferðamenn), hafnargerðar og botnveiða (troll, botnsköfur). Þess vegna eru tveir kostir: a) að breyta heiti og markmiðssetningu laganna, eða b) bæta ofannefndum þáttum við og/eða vísa í viðeigandi lög.

2. Viðamikill kafli (VI Kafli) er um bráðamengun, viðbrögð við henni og verkaskiptingu. Engin ákvæði eru þó um til hvaða ráða skuli grípa vegna lífríkis ef mengunarslys verður, eða verkaskiptingu stofnana sem þurfa að vinna saman að hugsanlegum björgunaraðgerðum á t.d. sjófuglum eða sjávarspendýrum.

3. Vöktunarákvæði eru óljós. Sagt er að UST skuli sjá um að vöktun vegna mengunar hafs og stranda sé framkvæmd (4. gr.), en í reglugerðarákvæðum (6 gr.) er aðeins talað um vöktun á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni. Hvað með fjörlífverur, sjófugla t.d.?

4. Frumvarpið tekur ekki á ýmsum skyldum sem Ísland hefur undirgengist vegna alþjóðlegra samninga, þ.e. Bernarsamningsins, Samnings um líffræðilega

fjölbreytni og OSPAR. Í hinum síðasttalda eru t.d. ákvæði um samhæfða áætlun um verndun stranda, vernd líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t gera lista yfir tegundir og búsvæði í hættu og áætlanir þeim til verndar.

5. Almenn séð má segja að frumvarpið einblíni um of á efnamengun sem einagrað fyrirbæri, en skorti heildræna sýn og þá samþættingu umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða sem er nauðsynleg til að viðhalda heilbrigði íslenskra hafsvæða og lífríkis þeirra til langs tíma litið.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS